



Til foreldra nemenda í 9. bekk vegna greinandi ritmálsprófs GRP 14h

Góðir foreldrar.

Næstu daga verður Greinandi ritmálspróf lagt fyrir nemendur í 9. bekk.

Það er staðlað lestrar- og stafsetningarpróf fyrir nemendur í 9. bekk og getur gefið vísbendingar um lestrarerfiðleika (umskráningarerfiðleika). Prófið gefur fjölbreyttar upplýsingar um frávík í umskráningarferni einstaklinga samanborið við jafnaldra. Nauðsynlegt er að fá upplýsingar um lestrarþróun og fjölskyldusögu og því fylgja prófinu spurningalistar sem foreldrar svara.

Prófið er lagt fyrir í samvinnu við Skólaskrifstofu Austurlands og munu kennarar leggja prófið fyrir en kennsluráðgjafar Skólaskrifstofu Austurlands sjá um skráningu á matsblöð. Ef fram koma vísbendingar um lestrarerfiðleika hjá einhverjum nemendum mun kennsluráðgjafi sjá um einstaklingsgreininguna. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir að fylla út meðfylgjandi spurningalista¹ og skila í skólann.

Ef lestrarörðugleikar greinast er nauðsynlegt fyrir nemendur að láta greininguna fylgja með umsókn í framhaldsskóla til að tryggja viðeigandi úrræði svo sem lengri próftíma og að hann fái hljóðbækur.

Niðurstöður úr einstaklingsprófunum munu geymd sem trúnaðargögn á Skólaskrifstofu Austurlands.

Með kveðju,

Umsjónarkennari/íslenskukennari/skólastjóri

¹ Listarnir eru í GRP 14h yfirferð